

Ár 2012, fimmtudaginn 22. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Skipulagsstofnunar

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Skipulagsstofnun er ríkisstofnun, sbr. lög nr. 123/2010. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra Skipulagsstofnunar laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 4. nóvember 2011 frá forstjóra Skipulagsstofnunar. Í bréfinu óskar hann eftir endurskoðun launakjara í tilefni þess að 1. janúar 2011 tóku gildi ný skipulagslög nr. 123/2010 sem höfðu í för með sér breytingar á verkefnum og ábyrgð Skipulagsstofnunar. Starfsheiti forstöðumanns Skipulagsstofnunar hafi verið breytt úr skipulagsstjóra ríkisins í forstjóra Skipulagsstofnunar. Ábyrgð Skipulagsstofnunar hafi verið aukin verulega með því að nú staðfesti Skipulagsstofnun svæðis- og aðalskipulagsáætlanir og birti í B-deild Stjórnartíðinda, en samkvæmt fyrri lögum hefði stofnunin afgreitt þær til staðfestingar ráðherra. Með þessu hafi veruleg ábyrgð verið færð frá ráðuneyti til stofnunar. Þá segir í bréfinu að í 10. gr. nýrra skipulagslaga komi fram að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í tillögunni skuli felast endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu. Í landsskipulagsstefnu séu samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varði landnotkun og sé hún útfærð með tilliti til skipulags landsnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Ráðherra feli Skipulagsstofnun að vinna tillögur að landsskipulagsstefnu og skuli ráðherra áður en vinna hefst hverju sinni skipa sjö fulltúa í ráðgjafarnefnd sem sé Skipulagsstofnun og ráðherra til ráðgjafar og samráðs við undirbúning hennar. Í bréfinu er gerð nánari grein fyrir gerð og kynningu á landskipulagsstefnunni. Stofnunin skuli hafa samráð við þau sveitarfélög sem kunni að þurfa að gera breytingar á skipulagsáætlunum sínum vegna landskipulagsstefnunnar, svo og hlutaðeigandi stofnanir, Samband íslenskra sveitarfélaga og önnur sveitarfélög og hagsmunasamtök eftir því sem við eigi. Þetta nýja verkefni sé afar umfangsmikið, víðtækt og pólitískt. Landsskipulag hafi verið til umræðu í tæpan áratug áður en það var lögfest, meðal annars vegna andstöðu sveitarstjórna við mörkun skipulagsstefnu á landsvísu. Mikil ábyrgð hvíli því á Skipulagsstofnun varðandi þetta verkefni og mikilvægt að vel takist til við innleiðingu landsskipulagsstigsins sem hafi lengi verið þekkt í öðrum Evrópulöndum. Í bréfinu er einnig gerð grein fyrir verkefnum og ábyrgð Skipulagsstofnunar í tengslum við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Að endingu kemur fram að færsla byggingarmála frá Skipulagsstofnun til Mannvirkjastofnunar hafi haft óveruleg áhrif á ábyrgð og umfang verkefna Skipulagsstofnunar.

Með bréfum dagsettum 9. nóvember 2011 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og umhverfisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra Skipulagsstofnunar, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 23. nóvember 2011. Í bréfinu sagði að ný skipulagslög hefðu tekið gildi 1. janúar 2011 og hefðu þau haft nokkur áhrif á starfsemi Skipulagsstofnunar eins og fram komi í bréfi forstjórans. Meðal annars hefði hluti verkefna

stofnunarinnar verið fluttur til Mannvirkjastofnunar. Í svari umhverfisráðuneytis dagsettu 29. nóvember 2011 segir að með nýjum skipulagslögum hafi orðið breytingar á verkefnum Skipulagsstofnunar og ábyrgð stofnunarinnar verið aukin verulega í þeim málaflokknum sem hún hafi umsjón með. Samkvæmt 10. gr. nýrra skipulagslaga leggi umhverfisráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í tillögu ráðherra skuli felast endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu. Í stefnunni séu samþætтар áætlanir opinberra aðila um náttúruvernd, orkunýtingu, samgöngur, byggðamál og aðra málaflokka sem varði landnotkun og sé hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Ráðherra feli Skipulagsstofnun að vinna tillögur að landsskipulagsstefnu og skal stofnunin taka saman lýsingu á verkefninu þar sem gerð sé grein fyrir þeim áherslum sem fyrirhugað sé að hafa við gerð landsskipulagsstefnu, forsendur stefnunar, samræðu við mótun hennar, viðfangsefni og fyrirhugaða kynningu á henni. Kynna skuli lýsingu Skipulagsstofnunar á stefnunni opinberlega. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sé Skipulagsstofnun ráðherra til ráðgjafar og annist eftirlit með framkvæmd laganna og veiti leiðbeiningar samkvæmt þeim. Frá árinu 2005 taki Skipulagsstofnun ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum en ekki umhverfisráðherra eins og áður var. Að auki gefi stofnunin álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og þeirri starfsemi sem henni fylgi. Með þessari breytingu hafi ábyrgðin verið færð frá ráðuneyti til Skipulagsstofnunar. Hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sé meðal annars að veita og gefa út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, fylgjast með framkvæmd þess og taka saman skýrslu um hana til umhverfisráðherra á fimm ára fresti með það að markmiði að tryggja gæði matsins. Löggin nái ekki eingöngu til allra aðal- og svæðisskipulagsáætlana og deiliskipulagsáætlana, heldur einnig til framkvæmdaáætlana svo sem samgönguáætlunar og rammaáætlunar um verndun og orkunýtingu. Ábyrgð Skipulagsstofnunar sé mikil á þessum sviðum og styðji ráðuneytið beiðni forstjórans um endurskoðun launakjara.

Með bréfi dagsettu 5. desember 2011 fékk forstjóri Skipulagsstofnunar send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri frekari athugasemdum um efni þeirra.

III.

Skipulagsstofnun starfar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Samkvæmt 5. gr. skipulagslaga fer forstjóri Skipulagsstofnunar með daglega stjórn stofnunarinnar. Ráðherra skipar forstjóra til fimm ára í senn og skal hann hafa háskólamenntun á sviði skipulagsmála. Forstjóri ber ábyrgð gagnvart ráðherra á stjórn, rekstri og starfsskipulagi Skipulagsstofnunar og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður aðra starfsmenn.

Samkvæmt 4. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hlutverk Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum að hafa eftirlit með framkvæmd skipulagslaga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál, fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum, aðstoða sveitarfélög og leiðbeina þeim við gerð skipulagsáætlana, láta í té umsagnir um ágreiningsmál á sviði skipulagsmála, sjá um að upplýsingar um áætlanir um landnotkun á landsvísu séu fyrir hendi og gera tillögu að landsskipulagsstefnu, stuðla að og standa fyrir rannsóknum á sviði skipulagsmála í samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunaaðila svo og að annast eða stuðla að útgáfu upplýsinga um þau mál, annast umsýslu Skipulagssjóðs og framfylgja ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er Skipulagsstofnun ráðherra til ráðgjafar, annast eftirlit með framkvæmd laganna og veitir leiðbeiningar samkvæmt þeim. Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmd samkvæmt 6. gr. laganna skuli háð mati á umhverfisáhrifum og gefur álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar og starfsemi sem henni fylgir.

Samkvæmt 4. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er hlutverk Skipulagsstofnunar að veita og gefa út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana, umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu og taka ákvörðun um hvort áætlun skuli háð ákvæðum laganna þegar vafi leikur á því. Þá skal stofnunin fylgjast með framkvæmd umhverfismats áætlana og taka saman skýrslu um framkvæmdina til ráðherra á fimm ára fresti með það að markmiði að tryggja gæði umhverfismats.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 sem tóku gildi 1. janúar 2011 eru ýmis nýmæli og breytingar frá fyrri löggjöf á þessu sviði. Sem dæmi má nefna að Skipulagsstofnun staðfestir nú svæðis- og aðalskipulagstillögur í stað umhverfisráðherra áður. Einnig má þar nefna ákvæði III. kafla laganna um landsskipulag, en samkvæmt 10. gr. þeirra leggur ráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til tólf ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Í tillögunni skal felast endurskoðun á gildandi landsskipulagsstefnu þegar þörf er á ásamt greinargerð um stöðu og þróun skipulagsmála í landinu. Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun og er hún útfærð með tilliti til skipulags landnotkunar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Til grundvallar landsskipulagsstefnu skal leggja markmið laganna auk framangreindra áætlana. Þá skal eftir því sem við á hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar. Landsskipulagsstefna getur tekið til landsins alls, einstakra landshluta og efnahagslögsögunnar. Í henni skal ávallt vera uppfærð stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands. Samkvæmt 11. gr. laganna felur ráðherra Skipulagsstofnun að vinna tillögur að landsskipulagsstefnu. Í lögnum eru nánari fyrirmæli um málsmeðferð við undirbúning og gerð landsskipulagsstefnu svo sem um opinbera kynningu og víðtækt samráð við sveitarfélög, hlutaðeigandi stofnanir og hagsmunasamtök eftir því sem við á.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærrí en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra Skipulagsstofnunar, en kjaranefnd ákvað skipulagsstjóra ríkisins laun 12. ágúst 1999. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Þær breytingar sem orðið hafa á verkefnum og ábyrgð Skipulagsstofnunar síðan forstjóra voru síðast ákvörðuð laun og lýst er hér að framan, gefa tilefni til breytinga á launum hans. Við ákvörðun launa forstjóra Skipulagsstofnunar hefur verið höfð hliðsjón af launakjörum forstjóra Mannvirkjastofnunar.

Með ákvörðun kjararáðs 21. desember 2011 breyttust laun þeirra sem undir kjararáð heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 og tók sú ákvörðun gildi 1. október 2011.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Skipulagsstofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2011 skulu mánaðarlaun forstjóra Skipulagsstofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 134, krónur 659.654 frá 1. janúar til 31. maí 2011, krónur 691.977 frá 1. júní 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 716.196 frá 1. mars 2012.

Frá 1. janúar til 30. september 2011 skal að auki greiða honum 5 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Á sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-126, krónur 5.058 frá 1. janúar til 31. maí 2011 og krónur 5.306 frá 1. júní til 30. september 2011.

Frá og með 1. október 2011 skal greiða honum 15 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir. Frá sama tíma er eining 1% af launaflokki 502-132, krónur 6.473 frá 1. október 2011 til 29. febrúar 2012 og krónur 6.700 frá 1. mars 2012.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Skipulagsstofnunar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson